

BORGARRÁÐ 7. júlí 2022: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um úttekt á eignarhaldi íbúða í Reykjavík - MSS22070053

Borgarráð leggur til að framkvæmd verði úttekt í Reykjavík og höfuðborgarsvæðinu á stöðu eignarhalds á húsnæðismarkaðnum og áhrif þess á framboð og verðlag. Hlutfall íbúðarhúsnæðis í eigu lögaðila eða einstaklinga sem eiga fleiri en eina íbúð verði kannað. Jafnframt mun úttektin fela í sér að kanna hversu margir einstaklingar eiga eina íbúð, hversu margir tvær, þrjár og svo áfram. Það sama skal kannað hjá lögaðilum. Fjöldi og umfang leigusala skal kannaður og áætlun þeirra um afkomu. Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunarfé leigjenda og eigenda skal einnig vera kannaður. Framkvæmd úttektar skal ákveðin og útfærð nánar í samráði við Umhverfis- og skipulagssvið og æskilegt að henni verði lokið eigi síðar en í árslok 2022.

Greinargerð:

Samkvæmt tölum frá Þjóðskrá hafa 63% allra íbúða á Íslandi farið í eigu lögaðila eða einstaklinga sem eiga fleiri en eina íbúð, frá árinu 2005. Líkurnar á að einstaklingur eignist húsnæði sem heimili hafa minnkað um 71% frá 2005. Frá árinu 2005, til 2022 fjölgaði íbúðarhúsnæði á Íslandi um tæplega 35.000. Af þessum fjölda var einungis 1/3 íbúðanna seldar sem húsnæði fyrir heimili til einstaklinga. 2/3 íbúðanna voru seldar sem hagnaðarfjárfestingar til útleigu. Í ljósi þessara gagna um landið í heild sinni, er mikilvægt að Reykjavík geri úttekt á stöðunni innan sinna borgarmarkna og á höfuðborgarsvæðinu. Slík úttekt miðar að því að fá heildstæða sýn á húsnæðismálin og eignarhald íbúða í Reykjavík. Einnig er nauðsynlegt að fá það á hreint hver stærð leigusala er orðin og hver áhrif þeirra eru á markaðinn. Það þarf að liggja skýrt fyrir hver staðan er í höfuðborginni. Til þess að geta komið með skilvirkar aðgerðir á húsnæðismarkaðnum verður þekking sem óskað er hér eftir að vera til staðar.